

Hús og skipulag ehf
Hildigunnur Haraldsdóttir
Bolholti 8
105 Reykjavík

Umhverfisstofnun
Áb. _____
04 FEB. 2009 5423
Tilv. _____



Reykjavík, 4. febrúar 2009
Tilvísun: UST20081100064/bs

Deiliskipulag Hofgörðum Snæfellsbæ. Umsögn

Vísað er til bréfs Húss og skipulags ehf. sent 29. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreint deiliskipulag.

Hér er um að ræða uppbyggingu ferðaþjónustu á Hofgörðum sem felur í sér að ráðist verður í byggingu allmargra húsa á næstu árum. Eingöngu verður byggt sunnan Ólafsvíkurvegjar. Við gerð þessa deiliskipulags hefur verið haft samráð við Umhverfisstofnun. Að beiðni stofnunarinnar hefur verið fallið frá fyrirætlunum um að byggja gestahús við tjarnir innan svæðis nr. 220 á náttúruminjaskrá.

Fyrirhugaðar framkvæmdir verða að mestu á ræktuðu landi sem nýtt hefur verið sem tún. Í skipulagsskilmálum kemur fram að lögð verði áhersla á að með dreifðum byggingum verði reynt að halda sýn til Snæfellsjökuls óbreyttri eins og kostur er. Umhverfisstofnun telur að með dreifðum og lágreistum byggingum ætti að vera unnt að draga verulega úr sjónrænum áhrifum mannvirkjagerðar á Hofgörðum. Stofnunin telur hins vegar að huga ætti í tíma að staðsetningu og útliti fyrirhugaðrar bensínstöðvar, en slíkar byggingar verða oft mjög áberandi vegna nálægðar við vegi og staðlaðs útlits sem oft tekur lítið mið af sérstöðu viðkomandi staðar.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við ofangreint deiliskipulag.

Virðingarfyllt

Björn Stefánsson
Björn Stefánsson

Ólafur A. Jónsson
Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri